

Hábrún ehf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík 13. maí 2019
UST201901-301/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 20.12. 2018, hjá Hábrún ehf.


Þann 20. desember sl. fór fram eftirlit í Hábrún ehf., Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó. Rekstraraðili skal halda skráningar sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar á losun efna í umhverfið og meðhöndlun úrgangs vantar. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er verið að taka forritið Farm control í notkun.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. júní, 2019.

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Hábrún ehf.	Dags. eftirlits: 20.12.2018	Staðsetning stöðvar: Skutulsfirði	Starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 450314-0640	Gildistimi starfsleyfis: 12.12.2020	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Sjókvíar, 200 tonn, tegund ótilgreind

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Sameining svæða Hábrúnar og Sjávareldis undir einu 700 tonna leyfi/endurnýjun leyfa
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningu á losun efna í umhverfið vantar
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við
Grænu bókhaldi og útsteymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Uppfæra þarf áhættumat
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við

Eftirlit með fiskeldisstöð

Kvíældi

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Vantar uppfærslu.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynndun sé í lágmarki?	X			
Er skráning á losun fosfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Vantar allar niðurstöður mælinga og engin skráning er á losun fosfórs og köfnunarefnis.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Ólia eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí?			X	Sjókví
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslí, sjún, settjörn, tromlur, oph.			X	
Leið frárennslis frá keri að viðtaka.				
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).			X	Sjór
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi**

Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Engar mælingar hafa verið gerðar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Skv. vöktunaráætlun nýs leyfis Hábrúnar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

04.08.2016 Sjávareldi: Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar tegund í eldi sem ekki er heimild fyrir. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

21.06.2017 Hábrún: Farið var í eftirlitsferð í Skutulsfjörð og staðfest að engin starfsemi er þar í gangi hjá rekstraraðila. Engin frávik komu fram við eftirlitið og engin athugasemd gerð.

Samantekt:	Regnbogasilungur á svæði Hábrúnar, Skutulsfirði. Skráningum skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum er ábótavant.
Annað	Eftirlit Umhverfisstofnunar 2018 átti skv. eftirlitsáætlun að taka til starfsleyfis Sjávareldis í Skutulsfirði, leyfi sem er einnig á höndum Hábrúnar ehf. Þar sem engin starfsemi er innan svæðis þess leyfis fór eftirlitið fram m.t.t. starfsleyfis Hábrúnar.

Undirskrift eftirlitsmanns:

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	20.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Sofía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	Sigríður Gísladóttir
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfisskilyrðum kom fram við eftirlitið er varðar skráningar. Þrjár ábendingar eru gerðar er varða útreikninga á losun fosfórs, uppfærslu neyðaráætlunar og uppfærslu áhættumats og viðbragðsáætlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlit þetta var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

Eftirlit stofnunarinnar 2018 átti skv. eftirlitsáætlun að taka til starfsleyfis Sjávareldis í Skutulsfirði, leyfi sem er einnig á höndum Hábrúnar ehf. Þar sem engin starfsemi er innan svæðis þess leyfis fór eftirlitið fram m.t.t. starfsemis Hábrúnar.

Visað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó	Rekstraraðili skal halda skáningar sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Skráningar á losun efna í umhverfið og meðhöndlun úrgangs vantar. Skv. upplýsingum frá rekstaraðila er að verið að taka forritið Farm control í notkun.
--	--

ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir á að uppfæra þarf viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, sem byggja þarf á áhættumati, sbr. 18. gr laga 33/2004 um varnir gegn mengunar hafs og stranda.

Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar þarfust einnig uppfærslu.

Stofnunin bendir einnig á að losun fosfórs skal umreikna í kg/framleitt tonn fiskjar.


ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var sendur rekstraraðila ráfrænt í kjölfar eftirlits.

13.05.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemdir: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffia Jónasdóttir

bls. 3